

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

862. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 9. mars 2015 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, aðalmaður, Elín R. Líndal, aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála-og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Dagskrá:

1. Skólaakstur – drög að útboðsgögnum
2. Samningur um sorpurðun í Stekkjarvík við Norðurá
3. Tillögur að nýju fyrirkomulagi sorphirðu
4. Fundargerð 826 fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
5. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um boðun á landsþing
6. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um ráðstefna um úrgangsmál
7. Riðutilfellis í Vatnsneshólfi .
8. Ársskýrsla bókasafnsins
9. SSVN

Afgreiðslur:

1. **Lögð fram drög að útboðsgögnum fyrir skólaakstur** skólaárin 2015/2016 til og með 2018/2019. Skólastjóri grunnskólans mætir til fundar undir þessum lið. Skólastjóra falið að halda áfram vinnu við útboðið.
2. **Lögð fram drög að samningi við Norðurá bs.** um urðun úrgangs í Stekkjarvík fyrir Húnaþing vestra. Byggðarráð samþykkir samningsdrögin og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn.
3. **Lagðar fram tillögur að nýju fyrirkomulagi við sorphirðu.** Tillögurnar ræddar og umhverfisstjóra falið að vinna áfram að málinu.
4. **Lögð fram til kynningar fundargerð 826. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**
5. **Lagt fram til kynningar boðun XXIX landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga** sem haldið verður 17. apríl nk. í Salnum í Kópavogi. Að þingi loknu hefst aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. á sama stað.
6. **Lagt fram bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga,** þar sem kynnt er ráðstefna um úrgangsmál sem haldin verður í Reykjavík 19. mars nk.

7. **Riðutilfelli í Vatnsneshólfi.** Lögð fram yfirlýsing Svönu Sigtryggsdóttur, landeiganda á Syðri-Kárastöðum, þar sem hún hafnar því að riðuveikt fé verði urðað í landi hennar að Syðri Kárastöðum. Lögð fram bókun landbúnaðarráðs frá fundi 5. mars sl. þar sem lýst er stuðningi við ofangreinda yfirlýsingu og krefst landbúnaðarráð þess að riðuveikt fé fari í brennslu sbr. reglugerð nr. 108/2010, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneidis. Jafnframt er lagt fram sameiginlegt bréf frá Sauðfjárræktarfélagi Vatnsnesinga og Búnaðarfélagi Vatnsnesinga þar sem fyrirhugaðri urðun á riðusmituðu fé í landi Syðri-Kárastaða er mótmælt. Byggðarráð tekur undir ofangreindar skoðanir.
8. **Lögð fram til kynningar ársskýrsla bókasafns Húnaþings vestra fyrir árið 2014.**
9. **Rætt um málefni SSNV.**

Samþykkt að taka á dagskrá:

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl:15:59

Elín Jóna Rósinberg

Elín R. Líndal

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir